



## 2 Mat á vefsíðum

### 2.1 Umfjöllunarefni

Við leit efnis á vefsíðum er mikilvægt að hafa í huga hvernig meta eigi áreiðanleika efnis sem á vefnum er að finna. Með því að takmarka leit við viðurkennda gagnagrunna á ýmsum fræðasviðum má komast hjá hluta vandans. Gera má ráð fyrir því að helstu upplýsingaveitur sem t.d. bókasöfn háskóla vísi á hafi viðurkenndan „fræðastimpil“. Með því er átt við að efni sé ritrynt af sérfræðingum. Margir telja að vísun í vefheimildir sé síðri en vísun í hefðbundna prentmiðla en það verður að teljast óþarfa þröngsýni því sífellt færir í aukana að fræðarit séu einungis birt á vefmiðlum. Auk þess er mikið af góðu efni á vefnum sem vert er skoðunar og sjálfsagt engu síðra en prentaðar heimildir (sem auðvitað eru misgóðar og sumar jafnvel alslæmar!).

Það er ekki augljóst hvernig meta skuli áreiðanleika efnis sem birt er á vefnum en til eru gátlistar sem hjálpa okkur við matið. Hér á eftir er að finna gátlista sem geta hjálpað við mat á áreiðanleika upplýsinga á Internetinu.

Dæmi um vefi þar sem er að finna gátlista fyrir mat á áreiðanleika vefsíðna (það eru til margir aðrir vefir þetta eru bara ágætisdæmi):

- net.TUTOR (Ohio State University Libraries, 2008)
  - <http://liblearn.osu.edu/tutor/les1/>
- Evaluating Web Sites (Lesley University, 2007)
  - [http://www.lesley.edu/library/guides/research/evaluating\\_web.html](http://www.lesley.edu/library/guides/research/evaluating_web.html)
- „Netið sem heimild“ (Þórdís T. Þóráinsdóttir, 1999)
  - <http://www.bokasafnid.is/23arg/thth99.html>
- Evaluation of information sources (Smith, 2008)
  - [http://www.vuw.ac.nz/staff/alastair\\_smith/evaln/evaln.htm](http://www.vuw.ac.nz/staff/alastair_smith/evaln/evaln.htm)

Hafðu í huga að notir þú vefheimildir í skólaverkefnum eða rannsóknum þá þarf að vísa til slíkra heimilda skv. reglum um slíkt. Á Háskólanum á Bifröst er stuðst við APA-stíl heimildaskráningar. Mikilvægt er að rétt sé farið með heimildir, í Gagnfræðakveri má finna upplýsingar um rétta meðferð heimildar (Friðrik H. Jónsson & Sigurður J. Grétarsson, 2007). Sjá einnig á vef Listaháskóla Íslands um APA-kerfi (Listaháskóli Íslands)

Til að læra hvernig nýta megi möguleika Microsoft Word við skráningu og meðferð heimilda þá má benda á <http://www.jonfreyr.com/skyndihjalp.html> (Jón Freyr Jóhannsson, 2009)

### 2.2 Gátlisti fyrir vefmat

Hér eru tilgreind atriði sem hafa ber í huga við mat á vefsíðum. Gátlistanum er skipt í tvennt. Annars vegar er um að ræða **almennt mat** á atriðum sem hægt á að vera að sannreyna af eða á. Hins vegar er um að ræða það sem kalla má **persónulegt mat** eða þína upplifun og er þá verið að vísa til huglægari mælikvarða.

Athugaðu þegar þú vinnur með þennan gátlista að sambærilegar kröfur þarf að gera til prentaðs máls og það er alls ekki augljóst að taka eigi mark á slíku efni gagnrýnilaust heldur.

Ekki er nauðsynlegt að binda sig við þessi atriði og sum kunna ekki að eiga við eða vera áhugaverð í einhverjum tilfellum. Atriðin eru ekki í neinni mikilvægisröð.

### 2.2.1 Almennt mat

Á þessum gátlista er að finna atriði sem þú getur sannreynt að meira eða minna leyti. Athugaðu þó að flest atriði hafa einhvern huglægan þátt í matinu svo sem reynslu þína.

1. Hver er tilgangur vefsins?  
Sjá stutta ágætissamtekt á vef Ohio State háskólans (Ohio State University Libraries, 2008) : <http://liblearn.osu.edu/tutor/les1/pg1.html>
2. Hvað má lesa út úr vefslóðinn?
  - a. Endingarnar .gov, .mil á erlendum síðum gefa til kynna stjórnarsýsluvef
  - b. Skólar hafa margir endinguna .edu
  - c. Sjálfseignarstofnanir hafa oft endinguna .org, en það er ekki lengur bundið við slíkar
  - d. Bendir vefslóðin til að þetta sé vefur einstaklings, kemur fram eitthvað sem vísar til nafns einstaklings?
  - e. Ef táknið „~“ kemur fyrir í vefslóð er oft um að ræða vefi einstaklinga, vefir sem eru þá undirvefir einhvers annars vefs fyrirtækis eða netfyrirtækja.

Á Wikipedia má finna sundurliðun á mismunandi endingum á nöfnum léna (*e. domain name*) (Wikipedia, 2009):  
[http://en.wikipedia.org/wiki/Domain\\_name](http://en.wikipedia.org/wiki/Domain_name)

3. Er ljóst hver ber ábyrgð á vefnum, kemur kannski fram í „*about*“ síðu?  
Oft má finna sérvalkost eða flipa sem heitir „About“, einnig er oft að finna upplýsingar um ábyrgðaraðila neðst á viðkomandi vefsíðu.
4. Er hægt að finna hlutdrægni í umfjöllun (*e. bias*)?
5. Sérðu hvenær vefurinn var síðast uppfærður, eru upplýsingar úreltar, kemur fram dagsetning á síðunni? Þetta má oft finna neðst á síðu.
6. Prófaðu að leita með Google eftir nafni stofnunar/fyrirtækis sem rekur vefinn.
7. Eru upplýsingar á vefnum sem þú veist að eru réttar?
8. Eru upplýsingar á vefnum sem þú heldur eða veist að séu rangar?
9. Er vísað til heimilda, á vef eða riti, þegar fjallað er um málefni sem þarf þekkingu til að skrifa um?
10. Virka hlekkir/linkar á aðrar síður?  
Hlekkir sem virka ekki bera vott um að lítið sé hugað að uppfærslu og því má gera ráð fyrir að efnisinnihaldi sé jafnilla sinnt og viðhaldið.

### 2.2.2 Persónulegt mat

Á þessum gátlista er að finna atriði sem mest á huglægu mati þínu og þú ættir að taka tillit til slíkra þátta, sérstaklega ef þú hefur nú þegar þjálfun í að meta síður eða mikla reynslu í notkun vefefnis..

1. Eru upplýsingar á vefnum sem þú skilur ekki?
2. Hvað líkar þér vel og hvað illa ("look'n'feel")?
3. Telurðu að skrif á síðunni séu unnin af aðila með þekkingu á málefniinu?
4. Er hann traustvekjandi? hvað vekur eða eyðir trausti?
5. Virkar meðhöndlun persónulegra upplýsinga sannfærandi?
6. Er þetta vefútfærsla á "*brick-and-mortar*" eða er þetta einhver ný viðbót sem ekki býðst í hefðbundinni útfærslu?

Sumir telja upplýsingar áreiðanlegri ef um er að ræða fyrirtæki með „hefðbundna“ starfsemi, þ.e. ekki bara á vef. Rétt er að benda á að þetta eru líklega fordómar sem hafa ekki við nein rök að styðjast í dag.

Sjá nánar um „*brick-and-mortar*“ á t.d. [wikipedia](#) (Wikipedia, 2009) eða á [wiseGEEK](#) (wiseGEEK, 2009), sjá slóðir í heimildaskrá

7. Virkar vefurinn flókinn/einfaldur?
  - a. í notkun?
  - b. í útfærslu, er lausnin tæknilega flókin að þínu mati?
8. Er útfærsla öryggismála mikilvæg í þessum vef?
9. Telurðu upplýsingar á vefnum gagnlegar?

## 2.3 Heimildaskrá

- Friðrik H. Jónsson & Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útgáfa útg.). Reykjavík: Hákölaútgáfan.
- Jón Freyr Jóhannsson. (2009). *Skyndihjálpi*. Sótt 6. mars 2009 frá jonfreyr.com - Skyndihjálpi: <http://www.jonfreyr.com/skyndihjalp.html>
- Lesley University. (12. mars 2007). *Evaluating Web Sites*. Sótt 1. mars 2009 frá Lesley University Library: [http://www.lesley.edu/library/guides/research/evaluating\\_web.html](http://www.lesley.edu/library/guides/research/evaluating_web.html)
- Listaháskóli Íslands. (án dags.). *APA-kerfi*. Sótt 8. mars 2009 frá Bókasafn Listaháskóla Íslands: <http://bokasafn.lhi.is/ritgerdasmid/heimildaskraning/apa-kerfi/>
- Ohio State University Libraries. (2008). *Evaluating Web Sites, Purpose*. Sótt 6. mars 2009 frá net.TUTOR: <http://liblearn.osu.edu/tutor/les1/pg1.html>
- Ohio State University Libraries. (25. júní 2008). *Evaluating Web Sites*. Sótt 1. mars 2009 frá net.TUTOR: <http://liblearn.osu.edu/tutor/les1/>
- Smith, A. (24. Nóvember 2008). *Evaluation of information sources*. Sótt 8. mars 2009 frá Information Quality WWW Virtual Library : [http://www.vuw.ac.nz/staff/alastair\\_smith/evaln/evaln.htm](http://www.vuw.ac.nz/staff/alastair_smith/evaln/evaln.htm)
- Wikipedia. (25. febrúar 2009). *Brick and mortar business*. Sótt 1. mars 2009 frá Wikipedia: [http://en.wikipedia.org/wiki/Bricks\\_and\\_mortar\\_business](http://en.wikipedia.org/wiki/Bricks_and_mortar_business)
- Wikipedia. (6. mars 2009). *Domain name*. Sótt 6. mars 2009 frá Wikipedia: [http://en.wikipedia.org/wiki/Domain\\_name](http://en.wikipedia.org/wiki/Domain_name)
- wiseGEEK. (2009). *What is a Brick and Mortar Business?* Sótt 1. mars 2009 frá wiswGEEK: <http://www.wisegEEK.com/what-is-a-brick-and-mortar-business.htm>
- Þórdís T. Þóráinsdóttir. (1999). Netid sem heimild: Hugleiðingar um mat á áreiðanleika upplýsinga á netinu. *Bókasafnið*, 23, 4-9.



Sjá meiri skyndihjálpi á Netinu: [jonfreyr.com/skyndihjalp.html](http://jonfreyr.com/skyndihjalp.html)